

Aðalfundur Félags austfirskra kvenna í Reykjavík fór fram í safnaðarsal Grensáskirkju 2. mars 2026 kl. 19:00.

Hátt í 60 konur mættu til fundar. Á fundinum var hálsklútaþema í anda Höllu Tómasdóttur forseta Íslands og mættu margar fundarkonur með klúta af ýmsum gerðum.

1. Fundarsetning

Oddný Vala Kjartansdóttir formaður félagsins setti aðalfundinn og bauð fundarkonur velkomnar. Hún hrósaði fundarkonum fyrir fallegu klútana og skýrði frá því að Halla, ritari stjórnar, hafi haft samband við forsetaembættið og sagt þeim frá þema fundarins. Hafi þá Halla Tómasdóttir, forseti Íslands, sent til baka persónulega kveðju til fundarins sem hljóðaði svona:

„Kæra nafna og kæru austfirsku konur.

Mikið gladdi þessi kveðja frá ykkur mitt austfirska hjarta, því þó ég eigi ekki beint rætur að rekja á Austfirðina, þá dvaldi ég þar tvö lærdómsrík sumur. Það getur varla neitt nema gott eitt gerst þegar konur af austfirskum uppruna koma saman og færi ég ykkur einlæggar þakkir fyrir allt sem þið hafið þegar gert til að styðja góð málefni eins og Píeta og Bergið. Bæði samtökin sinna mikilvægu hlutverki sem er mér hugfólgið. Svo ekki sé nú minnst á Hringskonur sem ég hitti einmitt á aðalfundi þeirra nýverið. Þær flytja fjöll, eða öllu heldur byggja spítala og ljá krafta sína svo víða að samfélagið gengi ekki upp án þeirra. Það hef ég alltaf sagt um kraft kvenna og þið eruð sannarlega gott dæmi um það.

Ég er djúpt snortin yfir því að þið veljið að nota „Hölluklúta“ og treysti því að aðalfundurinn ykkar verði bæði litríkur og skemmtilegur og að þetta framtak skili góðum áhrifum til ykkar allra og til góðra verka í okkar samfélagi. Þið eruð sannkallaðir Riddarar kærleikans.

Með kærleikskveðju,

Halla.

Fundurinn fagnaði þessari skemmtilegu kveðju forsetans með lófataki.

Formaðurinn óskaði eftir því að fundarkonur risu úr sætum og tekin yrði mynd til að senda forsetanum með þökk fyrir kveðjuna og var það gert.

Formaðurinn sagði aðalfund félagsins vera ákveðna uppskeruhátíð þar sem staldrað sé við og litið til baka á það sem félagið áorkaði á liðnu starfstímabili og til

að taka kúrsinn fyrir næstu tólf mánuði. Það væri því hátíðarbragur á skipulaginu kvöldsís, matur á boðstólum og auka klukkustund bætt við samverutímann.

Formaður minntist félagskvenna sem látist hafa á milli aðalfunda og það fundarkonu að rísa úr sætum og minnast þeirra saman í stuttri þögn.

Formaður bauð velkominn tónlistarmanninn Hlyn Hallgrímsson sem flutti nokkur lög í upphafi fundar. Helga Bjarnadóttir, amma hans Hlyns, var dygg félagskona í félaginu og flutti Hlynur lög í hennar anda og henni til heiðurs. Hlaut hann góðar þakkir fyrir. Að þessu atriði loknu var gengið til grillhlaðborðsins sem Grillvagninn annaðist. Var ekki komið að tómun kofanum hjá þeim félögum frekar en á fyrri aðalfundum og var matnum gerð góð skil. Fengu þeir félagar miklar þakkir og þétt lófatak frá salnum fyrir þeirra góða mat og þjónustu.

Þegar allir höfuð fengið vel að borða, þá var boðið upp á kaffi og sætindi áður en gengið var til hefðbundinna aðalfundarstarfa.

2. Kosning fundarstjóra og fundarritar

Formaður lagði til að Halla Kjartansdóttir ritari stjórnar yrði bæði fundarstjóri og ritari fundarins og var það samþykkt samhljóða. Tók Halla því við fundarstjórninni.

Fundarstjóri minnti á fundargerðir félagsfunda sem birtar eru á heimasíðu félagsins og einnig fundargerðir aðalfunda félagsins, ársskýrslur og ársreikningar. Fundargerðir eru birtar eins fljótt og kostur er, eftir hvern fund. Hún hvatti félagskonur til að hafa samband ef eitthvað þarfnaðist leiðréttingar í fundargerðunum.

3. Skýrsla stjórnar

Fundarstjóri flutti skýrslu stjórnar.

Haldnir voru sex félagsfundir, það er fyrsta mánudag í apríl, september, október, nóvember og desember árið 2025 og svo í febrúar á árinu 2026.

Allir flytjendur tónlistar, söngs og fræðslu gáfu vinnu sína og sýndu félaginu mikinn velvilja og stuðning.

Eins og venjulega var fundarhlé yfir sumartímann og þráðurinn tekinn aftur upp í september. Einnig var hefðbundið fundarhlé í janúar. Mjög góð mæting var á alla fundi félagsins eða á bilinu 40 – 60 konur á hverjum fundi.

Sem fyrr gáfu félagskonur veitingar á kaffihlaðborð félagsfundanna og vel gekk að manna kaffinefndina. Fyrir það þakkar stjórnin kærlega því margar hendur vinna létt verk. Góð breyting varð í salnum þegar borðunum var skipt út fyrir hringborð og létti það mikið undirbúningsvinnu stjórnarkvenna fyrir fundina.

Þegar gengið er til aðalfundar þá eru 68 félagskonur skráðar í félagið, 56 greiðandi og 12 gjaldfrjálsar. Það er fækkun frá árinu þar á undan og sagði fundarstjóri það sýna að það mætti ekki sofa á verðinum í þeirri vinnu að laða konur að félagsstarfinu. Fækkun félagskvenna hefur hins vegar ekki haft áhrif á mætinguna á fundi félagsins á tímabilinu. Fjölmargar konur hafa mætt til funda sem gestir, án þess að ganga í félagið og eru þær hjartanlega velkomnar enda fylgja þeim tekjur til félagsins. Það væri hinsvegar vert að gera sérstakt átak í því að fá fleiri til að ganga í félagið.

Sem fyrr eru aðgangseyrir að kaffihlaðborði, árgjöld og happdrætti/bingó aðal tekjulindir félagsins. Tekjurnar renna til góðgerðamála að frádregnum föstum kostnaði félagsins.

Á síðasta aðalfundi var samþykkt að beina sjónum að andlegri heilsu og samþykkt að styrkja Bergið Headspace um 250 þúsund og starfsstöð Píeta samtakanna á Reyðarfirði um 250 þúsund. Styrkirnir voru afhentir fulltrúum frá viðkomandi samtökum á sitt hvorum kaffifundi félagsins á árinu og held ég að allir hafi verið mjög sáttir með þessar úthlutanir. Mjög þarft starf er unnið í báðum þessum samtökum og starfsemi þeirra snertir alla landsmenn.

Félagið stóð fyrir dagsferðinni Skísuferð á Skagann í septembermánuði. Í ferðina fóru 30 konur og tókst vel til, sólin skein og frábær stemming í hópnum.

Margar félagskonur, velviljaðir einstaklingar og fyrirtæki gáfu vinninga í spilabingó og jólahappdrætti félagsins. Það er sem fyrr dýrmætt að eiga svona marga að sem sýna félaginu stuðning í verki með ýmsum hætti.

Stjórnin hélt þeim sið að gleðja allar félagskonur sem eiga merkisafmæli á milli funda með örlitlum afmælisglaðningi.

Fundarstjóri sagðist vona að félagskonur og gestir hafi haft eins mikla ánægju af félagsstarfinu á árinu eins stjórnin hafi haft og minnti svo á að umræður um skýrslu stjórnar og ársreikninga yrði á dagskrá eftir yfirferð ársreiknings.

4. Reikningar félagsins kynntir og bornir upp til samþykktar

Kristín Ásbjarnardóttir gjaldkeri stjórnar fór yfir ársreikning félagsins. Reikningurinn var skoðaður af þeim Ásgerði Ásgeirsdóttur og Halldóru Karlsdóttur skoðunarkonum félagsins.

Rekstur félagsins gekk vel árið 2025. Tekjurnar voru 1.405.500,- og gjöldin 1.086.739,- krónur, þar af styrkveitingar að upphæð kr. 500.000,-. Hagnaður félagsins var kr. 414.591,- að meðtöldum jákvæðum fjármagnsliðum og efnahagsreikningurinn hljóðar upp á 2.475.409,- krónur.

5. Umræður um skýrslu stjórnar og atkvæðagreiðsla um reikninga félagsins.

Fundarstjóri opnaði fyrir umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning.

Enginn kvaddi sér hljóðs undir þessum lið og var því gengið til afgreiðslu reikninga.

Ársreikningurinn var samþykktur samhljóða.

6. Árgjald fyrir 2025

Fundarstjóri kynnti tillögu stjórnar um að árgjald félagsins verði óbreytt fyrir árið 2026, eða kr. 4.000,-.

Engar umræður urðu um málið og var tillagan borin upp til afgreiðslu og samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri hvatti allar félagskonur til að gera upp árgjaldið fyrir 1. maí nk., hvort sem væri með millifærslu eða staðgreiðslu.

Fundarstjóri skýrði frá því að stjórnin hefði ekki heldur neinar áætlanir um að hækka kaffifundagjaldið heldur, að öllu óbreyttu.

7. Styrkúthlutanir

Fundarstjóri rifjaði upp að á síðasta aðalfundi hafi verið tekin ákvörðun um styrkveitingar samtals að upphæð kr. 500 þúsund. Eins og ársreikningur félagsins sýni þá hafi félaginu gengið ágætlega að safna fé á milli aðalfunda og því telji stjórnin að félaginu sé mögulegt að úthluta hálfri milljón króna í styrki.

Sú ósk kom fram á síðasta aðalfundi að félagið styrki að minnsta kosti annað hvert ár, verkefni, félagasamstök eða annað á Austurlandi. Því hafi sjónum nú verið beint að Krabbameinsfélagunum fyrir austan, enda vinni þau afskaplega þarft og þakklátt starf í þágu krabbameinssjúkra á svæðinu.

Eftirfarandi tillaga stjórnar að styrkúthlutun lögð fram:

Aðalfundur Félags austfirskra kvenna í Reykjavík, haldinn í Grensáskirkju 2. mars 2026, samþykkir að úthluta af fjármunum félagsins í styrk sem hér segir:

Styrkur að upphæð kr. 500.000, - renni til samstarfsverkefna Krabbameinsfélags Austfjarða og Krabbameinsfélags Austurlands.

Tvö félög eru starfandi á Austurlandi er veita krabbameinsgreindum og aðstandendum þeirra fjölbreytta þjónustu, þ.e. Krabbameinsfélag Austfjarða sem þjónar fjörðunum í Fjarðabyggð og Djúpavogi og Krabbameinsfélag Austurlands sem þjónar Fljótsdalshéraði, Fljótsdalshreppi, Seyðisfirði, Borgarfirði eystra, Vopnafirði og Bakkafirði. Félögin starfa saman að ýmsum verkefnum, svo sem fræðsluviðburðum og hvíldarhelgum fyrir krabbameinsgreinda og leggja þá bæði til fé í verkefnin inn á sameiginlegan reikning félaganna sem rekinn er í kringum það samstarf.

Aðalfundurinn samþykkir að styrkurinn renni til þeirra samstarfsverkefna sem ofangreind félög vinna í sameiningu að og mun styrkurinn verða greiddur inn á þann bankareikning sem notaður er af báðum samtökum í þau verkefni.

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

8. Kosning stjórnar

Fundarstjóri skýrði frá því að tvær stjórnarkonur gefi ekki áfram kost á sér til stjórnarstarfa, þær Herdís Pétursdóttir og Margrét Fríða Unnarsdóttir, sem báðar hafa starfað lengi í stjórninni.

Í aðalfundarboði var kallað eftir framboðum til stjórnar og bárust tvö framboð, frá þeim Sigríði Rósu Kristinsdóttur og Bennýju Sif Ísleifsdóttur.

Oddný Vala Kjartansdóttir gefur áfram kost á sér í formannsembættið og aðrar í framboði til stjórnar eru Bjarney A. Pálsdóttir, Herdís Pétursdóttir, Kristín Ásbjörnsdóttir, Margrét Fríða Unnarsdóttir og Halla Kjartansdóttir.

Stjórnin gerir ráð fyrir því að skipta með sér öðrum embættum innan stjórnar en formannsembættinu.

Oddný Vala Kjartansdóttir var kjörin í formannsembættið til eins árs með lófataki.

Stjórnin var einnig kjörin með lófataki og er því skipuð ofangreindum einstaklingum fram að næsta aðalfundi, í mars 2027.

9. Kosning 2ja skoðunarmanna reikninga

Fundarstjóri skýrði frá því að Ásgerður Ásgeirsdóttir og Halldóra Karlsdóttir, sem kjörnar voru skoðunarkonur fyrir síðasta starfstímabil gefi báðar áfram kost á sér í verkefnið, sem stjórnin er þeim afar þakklát fyrir.

Lögð fram tillaga um kjör Ásgerðar og Halldóru í hlutverk skoðunarkvenna félagsins til eins árs eða fram að aðalfundi í mars 2027.

Engar aðrar tillögur komu fram og voru þær Ásgerður og Halldóra kjörnar með lófataki.

10. Önnur mál

Fundarstjóri skýrði frá því að stefnt sé að dagsferð í september næstkomandi. Hugmyndir hafi komið fram ferð austur fyrir fjall, á Selfoss eða Hveragerði nema hvorutveggja verði. Enn eigi eftir að fastsetja áfangastað eða dagsetja ferðina og hvatti fundarstjóri fundarkonur til að koma með tillögur til stjórnar hvað það varðar. Verið er að stefna að svipaðri tímalínu og í ferðum síðustu ára, þ.e. farið af stað um tíuleytið að morgni og komið heim fyrir kvöldmat.

11. Fundarslit

Fundarstjóri gaf formanni félagsins orðið.

Oddný Vala, nýendurkjörinn formaður félagsins, kallaði fráfarandi stjórnarkonur, þær Herdísi og Möggu, upp til sín og afhenti þeim örlítinn þakklætisvott fyrir þeirra góðu störf. Hún sagði þær hafa verið óþreytandi í störfum fyrir félagið og þeirra framlag væri ómetanlegt. Fengu þær þétt og gott lófatak frá salnum.

Formaður þakkaði að lokum Höllu fyrir fundarstjórnina og öllum fundarkonum fyrir þátttökuna, áður en hún sleit svo formlega aðalfundinum.

Hún hvatti fundarkonur til að sitja áfram og njóta áfram kvöldins saman.

Halla Kjartansdóttir
fundarritari